

SAMAN

Samantekt af starfi SAMAN-hópsins 2008



Reykjavík, mars 2009

**Marta Kristín Hreiðarsdóttir
Þorsteinn Sveinsson**

SAMAN – hópurinn hóf störf síðla árs 1999 þegar áhugasamir fulltrúar félagsamtaka og opinberra aðila um forvarnarstarf hittust til skrafs og ráðagerðar í tengslum við mikla umræðu í samfélaginu um skemmtanir áramótin 1999-2000. Frá þessum tíma hefur hópurinn stækkað og starfsemin er komin í nokkuð fastar skorður. Öll stærstu sveitarfélög landsins eiga nú fulltrúa í hópnum auk helstu félaga og samtaka sem láta sig velferð barna og ungmenna varða.

Fulltrúar í SAMAN mars 2009

<p>Akraneskaupstaður Fulltrúi: Heiðrún Janusardóttir, forvarnarfulltrúi heidrun@akranes.is www.akranes.is</p> <p>Akureyrarbær – Samfélags-og mannréttindadeild Fulltrúi: Gréta Kristjánsdóttir, forvarnarfulltrúi gretak@akureyri.is www.akureyri.is</p> <p>Barnaheill Fulltrúi: Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnisstjóri margret@barnaheill.is www.barnaheill.is</p> <p>Borgarbyggð Fulltrúi: Hanna S. Kjartansdóttir, forvarnarfulltrúi hannasigga@borgarbyggd.is www.borgarbyggd.is</p> <p>Kópavogsbær Arnar Ævarsson, forvarnarfulltrúi arnara@kopavogur.is www.kopavogur.is</p> <p>Fljótaldalshérað Fulltrúi: Helga Guðmundsdóttir, fræðslufulltrúi helga@egilsstadir.is www.fljotsdalsherad.is</p> <p>Garðabær Fulltrúi: Gunnar Richardsson, forvarnarfulltrúi gunnarrich@gardabaer.is www.gardabaer.is</p> <p>Hafnarfjarðarbær Fulltrúi: Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi geir@hafnarfjordur.is www.hafnarfjordur.is</p> <p>Heilsugæslan í Reykjavík Fulltrúi: Eygló Tómasdóttir, skólahjúkrunarfræðingur eyglo.tomasdottir@arbae.hg.is www.hr.is</p>	<p>Heimili og skóli Fulltrúi: Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, bjork@heimiliogskoli.is helgamg@heimiliogskoli.is www.heimiliogskoli.is</p> <p>IOGT Fulltrúi: Aðalsteinn Gunnarsson, verkefnisstjóri krakkar@aeskan.is www.iogt.is</p> <p>Kópavogsbær Fulltrúi: Arnar Ævarsson, forvarnarfulltrúi arnara@kopavogur.is www.kopavogur.is</p> <p>Lýðheilsustöð Fulltrúi: Sveinbjörn Kristjánsson, verkefnisstjóri sveinbjorn@lydheilsustod.is www.lydheilsustod.is</p> <p>Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu Fulltrúi: Marta Kristín Hreiðarsdóttir, félagsfræðingur marta.kristin@lrh.is www.lrh.is</p> <p>Mosfellsbær Fulltrúi: Teitur Björgvinsson teitur@mos.is www.mos.is</p> <p>Rauði kross Íslands Fulltrúi: Gentiana Collaku, verkefnastjóri gentiana@redcross.is www.redcross.is</p> <p>Reykjavíkurborg - Íþrótt- og tómsundasvið Fulltrúi: Arnfríður Sólrún Valdimarsd., verkefnisstjóri arnfridurv@itr.is www.itr.is</p> <p>Reykjavíkurborg – Velferðarsvið Fulltrúi: Ingibjörg Sigurþórsdóttir, framkvæmdastjóri Miðgarðs ingibjorg.th.sigurthorsdottir@reykjavik.is www.reykjavik.is</p>	<p>Ríkislögreglustjórnin Guðbjörg S. Bergsdóttir, félagsfræðingur guðbjorgs@rls.is www.rls.is</p> <p>SAMFOK Fulltrúi: Bergþóra Valsdóttir framkvæmdastjóri samfok@samfok.is www.samfok.is</p> <p>SAMFÉS Fulltrúi: Þráinn Sigvaldason framkvæmdastjóri samfes@samfes.is www.samfes.is</p> <p>Seltjarnarnesbær Fulltrúi: Þorsteinn Sveinsson, félagsráðgjafi thorsteins@seltjarnarnes.is www.seltjarnarnes.is</p> <p>Sveitarfélagið Álftanes Fulltrúi: Stefán Arinbjarnarson, íþrótt- og tómsundafulltrúi stefan@alftanes.is www.alftanes.is</p> <p>Umboðsmaður barna Fulltrúi: Margrét María Sigurðard., lögfræðingur mms@barn.is www.barn.is</p> <p>Vímulaus æska Fulltrúi: Elísa B. Wíum framkvæmdarstjóri og Jörunn I. Magnúsdóttir forstöðukona vimulaus@vimulaus.is www.foreldrahus.is</p> <p>Þjóðkirkjan Fulltrúi: Þorvaldur Víðisson, miðborgarprestur thorvaldur@domkirkjan.is www.kirkjan.is</p>
---	---	--



Fyrirkomulag

SAMAN-hópurinn fundar alla jafna einu sinni í mánuði og skiptast fulltrúar á að halda fundina. Sá sem heldur fundinn stýrir honum einnig og skrifar fundargerð. Hann fær einnig tækifæri til að kynna það sem er efst á baugi í hans starfi, sveitarfélagi eða samtökum. Fundirnir eru mikilvægur vettvangur til að deila reynslu, hugmyndum og upplýsingum. SAMAN hópurinn hefur ekki starfsmann heldur skipta fulltrúar með sér verkum, jafnt tímabundnum verkefnum á framkvæmdaáætlun hvers árs sem og föstum verkefnum, s.s. umsjón með fjármálum ofl. Fyrir hvert verkefni eða átak eru myndaðir minni vinnuhópar sem vinna verkefnið í umboði hópsins í samráði við aðra fulltrúa og gjaldkera. Allt útgefið efni sem unnið er af SAMAN-hópnum stendur sveitarfélögum, félagasamtökum og öðrum áhugasömum til boða endurgjaldslaust á vef hópsins www.samanhopurinn.is

Markmið SAMAN

- ♥ Að vinna gegn áhættuhegðun barna og unglinga, styðja við heilbrigðan lífsstíl og koma í veg fyrir að börn og unglingar ánetjist áfengi og öðrum vímuefnum
- ♥ Að efla samtakamátt og samstarf þeirra sem vinna að forvörnum. Þeir sem standa að hópnum eiga það sammerkt að vinna á einhvern hátt með og fyrir börn og unglinga. Tengist sú vinna einkum forvörnum, uppeldi, menntun, meðferð og ráðgjöf.
- ♥ Að vekja athygli á þeirri ógn sem börnum og unglungum stafar af áfengi og vímuefnum í samfélaginu.
- ♥ Að styrkja og styðja foreldra í uppeldishlutverkinu og beina athygli foreldra að ábyrgð þeirra á uppeldi barna sinna og hvetja til jákvæðra samskipta fjölskyldunnar.

Leiðir

Til að ná markmiðum sínum hefur SAMAN hópurinn nýtt sér eftirfarandi leiðir:

- ♥ SAMAN hópurinn beitir sér fyrir jákvæðum skilaboðum til foreldra um mikilvægi ábyrgðar á umönnun og uppeldi barna sinna. Þar er lögð áhersla á að foreldrar verji sem mestum tíma með börnum sínum. Því er beint til foreldra að þeir kaupi ekki eða veiti börnum áfengi og bent á að þar setja landslög mörkin við 20 ára aldur. Því er jafnframt beint til foreldra að virða reglur um útivistartíma og bent á þær hættur sem eftirlitslaus party, útihátíðir og neysla áfengis og annarra vímuefna setur börn þeirra í.
- ♥ Skilaboðunum hefur verið komið á framfæri í fjölmiðlum, með umræðum, greinaskrifum og auglýsingum.
- ♥ Hópurinn leggur áherslu á að starf hans skili sér til allrar landsbyggðarinnar
- ♥ Í starfi sínu leggur SAMAN hópurinn m.a. áherslu á að nýta sér rannsóknir á högum barna og unglinga

Fjárhagur

Árið 2008 námu styrkir til SAMAN hópsins tæpum 7.5 milljónum króna. Eftirfarandi styrkir bárust hópnum árið 2008:

Forvarnarsjóður Lýðheilsustöðvar	1.000.000 kr.
Pokasjóður	3.000.000 kr.



Reykjavík	1.500.000 kr.
Styrkir sveitarfélaga	693.250 kr.
Heilbrigðisráðuneytið	300.000 kr.
Fjárlaga nefnd Alþingis	1.000.000 kr.

Allir styrkir runnu óskiptir til þeirra verkefna sem voru á framkvæmdaráætlun SAMAN hópsins 2008, þar sem hópurinn greiðir hvorki laun né skrifstofuhald.

SAMAN- Starfsemin árið 2008

Nýir fulltrúar í SAMAN hópnum

♥ Árið 2008 bættist fulltrúi frá Samfés við SAMAN hópinn og býður hópurinn hann velkomna til starfa. Þá sögðu tveir fulltrúar sig úr SAMAN hópnum, frá Nýrri leið sem og Fræðslumiðstöð í fíknivörnum. SAMAN hópurinn óskar þeim velfarnaðar og þakkar fyrir samstarfið.

Heimasíða

♥ SAMAN hópurinn tók í gagnid nýja heimasíðu á árinu www.samanhopurinn.is Gerður var samningur við fyrirtækið Netvistun um hýsingu og uppfærslu síðunnar og var ráðist í gagngerar endurbætur á henni sem enn sér ekki fyrir endann á. Þá var heimasíðan virkjuð í sumarverkefni SAMAN og jókst umferð fólks töluvert á síðuna í kjölfarið.



Lok samræmdra prófa

♥ Í aprílbyrjun var stjórnnum foreldrafélaga grunnskólanna, skólastjórum og félagsmiðstöðvum send hvatningarbréf um að gera lok samræmdra prófa að ánægjulegum og eftirminnilegum degi fyrir grunnskólanema og fjölskyldur þeirra. Þá var fjölmiðlum send þakkarbréf fyrir að fjalla um þessi tímamót á ábyrgan og jákvæðan hátt. Mikill árangur hefur náðst síðustu ár í samstafi foreldrafélaga, félagsmiðstöðva og grunnskóla um að skapa vettvang fyrir unglíngana til að fagna þessum tímamótum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt með ferðalögum eða öðrum uppákomum.



Þá birtust blaðagreinar eftir meðlimi SAMAN í Morgunblaðinu og fréttablaðinu og viðtöl við þá við próflok. Birtar voru samlesnar skjáauglýsingar á RÚV með skilaboðum til foreldra um að halda vel utan um börnin sín í prófunum og við próflok.

Sumarverkefnið „Fjölskyldan í fókus“

♥ Föstudaginn 6. júní bauð SAMAN hópurinn fjölmiðlum og öðrum áhugasömum til kynningar á sumarverkefninu hópsins sem að þessu sinni var ljósmyndakeppni undir yfirskriftinni „Fjölskyldan í fókus“. Keppninni var ætlað að vekja athygli á að samverustundir með fjölskyldunni eru dýrmæt augnablik í lífi hvers og eins. Fjölskyldur af öllum stærðum og gerðum voru hvattar til að senda inn myndir í keppnina af fjölskyldunni saman, við leik og störf, vetur, sumar, vor og haust.

Blaðamannafundurinn fór fram í Vesturbæjarskóla við Sólvallagötu. Bauð slagverkshópur nemenda úr skólanum upp á tónlistaratriði undir stjórn Nönnu Hlífur Gylfadóttur. Katrín

Jakobsdóttir þingmaður ýtti svo ljósmyndakeppninni úr vör og opnaði um leið nýja heimasíðu SAMAN-hópsins.

Með ljósmyndakeppninni vildi SAMAN-hópurinn vekja athygli á öllum þeim fjölmörgu fjölskyldum af öllum stærðum og gerðum sem eiga góðar stundir saman. Ennfremur vildi SAMAN-hópurinn hvetja fjölskyldur til að fjölga þessum stundum. Mikilvægi samverustunda fjölskyldunnar fyrir þroska barna er óumdeilt. Ýmsar kannanir sýna að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum heldur en þau eiga kost á í dag. Börn sem verja miklum tíma með fjölskyldunni, fá mikinn stuðning en einnig aðhald frá foreldrum sínum. Þau eru einnig líklegri til að standast neikvæðan hópþrýsting.



Ljósmyndakeppnin tókst vel í alla staði, fjölmargar myndir streymdu inn yfir sumartímamann. Kastljós birti sýnishorn af þeim myndum sem bárust í keppnina og kynntu svo úrslitin undir lok sumars. Vinningshafinn fékk í sinn hlut vandaða Canon EOS 400D myndavél með tveimur linsum og tösku í boði BT. Auk vinningsmyndarinnar hlutu 7 aðrar myndir viðurkenningu og aukavinninga eins og veiðikortið og útilegukortið.

17. júní - fyrsta helgin í júlí – verslunarmannahelgin

♥ Birtar voru auglýsingar í ljósvakamiðlum fyrir fyrstu helgina í júlí þar sem fjölskyldan var hvött til að verja tíma saman og leyfa ekki eftirlitslausar skemmtanir barna og unglinga. Þá voru birtar svipaðar auglýsingar fyrir verslunarmannahelgi og undanfarin ár. Auk þess var rituð grein í héraðsfréttablað sem einnig birtist í 24 stundum og önnur sem birtist í Mogganum.. Þá var útvarpað viðtali við fulltrúa úr SAMAN-hópnum á RÚV.



Meningarnótt

♥ Líkt og undanfarin ár beindi SAMAN sérstökum auglýsingum til foreldra vegna Menningarnætur í Reykjavík í samstarfi við Höfuðborgarstofu. Skilaboðin eru einföld og skýr og minna á að foreldrar eru fyrirmyndir og bestir í forvörnum. Samstarfið um auglýsingar gekk vel og fékk hópurinn styrk til verkefnisins frá Forvarnarnefnd Reykjavíkurborgar.



Útivistaráttak

♥ Dreifing á seglum með reglum um útivistartíma hefur ekki gengið sem skyldi undanfarin ár. Von um að ný heimasíða Saman-hópsins tæki við pöntunum frá sveitarfélögum og öðrum aðilum brást. Því var ákveðið var að pantanir yrðu eingöngu í gegnum heimasíðu Lýðheilsustöðvar en afrit af pöntuninni fer sjálfkrafa til Bros hf sem sér um prentun seglanna. Nú er komin nokkur reynsla á þessa aðferð við pöntun segulmottanna og hefur pöntunarferlið reynst vel. Þegar hafa verið pantaðir nálægt 2000 seglar, auk pöntunar frá Reykjavíkurborg en hún pantar seglanna beint af Bros líkt og undanfarin ár. Auglýsingar um útivistarreglur voru svo birtar í auglýsingastöndum í strætóskýlum líkt og undanfarin ár.



Hvatning til foreldra útskriftanema grunnskóla og fyrstu árs framhaldsskólanema

♥ Í júníbyrjun var foreldrum barna sem voru að ljúka námi í 10. bekk send postkort til að minna á 18 ára ábyrgð og gildi þess að sýna börnunum áfram umhyggju, aðhald og eftirlit þó svo að þau komist á framhaldsskólaaldur. Þá var bæklingnum *Slakaðu á en slepptu ekki* dreift meðal foreldra nýnema í framhaldsskólum. Sú breyting varð á að bæklingurinn var sendur út í pósti til forráðamanna árgangs '92. Var það gert í samvinnu við Lýðheilsustöð, heilbrigðis- og menntamálaráðuneyti sem sáu um að senda bæklinginn á heimili nýnema í framhaldsskóla. Er þetta liður í verkefni þessara aðila um forvarnir- og heilsueflingu í framhaldsskólum. Bæklingurinn geymir upplýsingar um ýmis aðtriði sem vert er fyrir foreldra að hafa í huga þegar barn hefur nám á nýju skólastigi.

Áramótaátak – Samvera og tími með fjölskyldunni – besta jólagjöfin



♥ SAMAN hópurinn á rætur sínar í áramótaátakinu og hefur hópurinn frá upphafi, í alls 8 ár, sent foreldrum á Íslandi hvatningarorð um samverustundir fjölskyldunnar á þessum tímamótum. Árið 2008 var ákveðið að auglýsa einvörðungu í ljósvakamiðlum, á RÚV, Skjá 1 og Stöð 2. Tvenns konar



auglýsingar birtust, annars vegar þar sem fjölskyldan var hvött til samveru um jól (35 birtingar) og hins vegar um áramót (41 birting).

Spilastokkur

♥ SAMAN-hópurinn fékk úthlutað styrk úr Pokasjóði á árinu til þess að gefa út spilastokk með heilræðum til barna og foreldra um mikilvægi samveru fjölskyldunnar. Hugmyndin er að spilastokknum verði dreift til ákveðinna árganga barna og verði uppspretta ánægjulegra samverustunda barna og foreldra á tyllidögum, hversdags, í ferðalögum eða í öðrum

frístundum fjölskyldunnar. Vegna þróunnar gengismála hefur prentun spilastokksins verið frestað um óákveðin tíma eða þar til hagstæðara er hrinda verkefninu í framkvæmd en vonir standa til að það verði seinni hluta árs 2009.

Dagatal fjölskyldunnar

- ♥ Unnið hefur verið að verkefni sem gengur undir heitinu fjölskyldudagatalið. Stefnt er að nota myndir úr ljósmyndakeppni SAMAN-hópsins til þess að myndskreyta dagatalið. Dagatalið getur kortlagt mögulegar samverustundir fjölskyldunnar sem og viðburði og atburði fjölskyldumeðlima.

Könnun Capacent

- ♥ Árið 2008 var Capacent falið að kanna hvort foreldrar þekki til SAMAN-hópsins og verkefna á hans vegum. Könnunin var fram kvæmd í lok janúar og byrjun febrúar 2009. Svarhlutfall í könnuninni var 63%. Niðurstöður könnunarinnar eru þær helstar að 72% foreldra með börn á aldrinum 6-18 ára sögðust þekkja eitthvað til SAMAN-hópsins. Þá þekktu 65% foreldra segulmottu með útivistarreglum sem hópurnir gefur út, þrátt fyrir að dreifing segulmottanna hafi ekki verið sem skyldi síðustu tvö ár. Sama hlutfall eða 65% kannaðist við aðrar auglýsingar á vegum SAMAN sem spurt var um. Í könnuninni kom jafnframt fram að stærstur hluti foreldra kys að fá upplýsingar um forvarnir með auglýsingum í sjónvarpi.

Kynning á SAMAN

Árið 2008 var ekki um að ræða sérstakt kynningarátak á vegum hópsins heldur fór kynningin að mestu fram í gegnum verkefni hópsins og styrkumsóknir.

- ♥ Stutt kynning á hópnum, helstu markmiðum og starfsemi hans fylgdi öllum styrkumsóknum á árinu auk þess sem nokkrir fulltúar í hópnum kynntu starfsemi hans á heimasíðu, þ.e. hjá sínum sveitarfélögum, stofnunum eða félagasamtökum.
- ♥ Fulltrúar í SAMAN hópnum skrifuðu greinar í minni og stærri prentmiðla tengdar markmiðum hópsins, s.s. til að minna á útivistartíma, miklvægi ábyrgðar og nærveru foreldra og hvetja til samverustunda. Jafnframt skrifuðu fulltrúar í vinnuhópum greinar til að kynna sérstök verkefni hópsins á árinu.
- ♥ SAMAN hópurnir var kynntur sérstaklega þegar hann tók við styrk úr Manngildissjóði í Reykjanesbæ
- ♥ Ný heimasíða SAMAN-hópsins var tekin í notkun og er nú hægt að nálgast helstu fréttir og upplýsingar um hópinn og verkefni hans jafnóðum á síðunni. Þá er hægt að hafa samband við hópinn og nálgast auglýsingar hans og fleira áhugavert á heimasíðunni.
- ♥ Allt útgefið efni á vegum hópsins er merkt lógói hópsins og hefur það orðið nokkra merkingu í huga fólks.

Á framkvæmdaáætlun SAMAN hópsins starfsárið 2008

- ♥ Greinaskrif og auglýsingabirtingar vegna loka samræmdra prófa ásamt hvatningu til foreldra og skóla- og frítímasamfélagsins um að tryggja uppbyggileg viðfangsefni við prófalok.
- ♥ Áframhaldandi vinna verður með heimasíðu SAMAN hópsins, www.samanhopurinn.is. Áætlað er að allar greinar sem fulltrúar hafa sent frá sér í nafni hópsins og útgefið efni



hópsins verði til taks á aðgengilegan hátt ásamt umfjöllum um málefni sem tengist starfi hópsins og þeim sem að honum standa.

- ♥ Sumaráttak endurtekið þar sem athygli er vakin á áhættuþáttum í lífi unglunga yfir sumartímann, stutt af rannsóknarniðurstöðum.
 - ♥ Greinaskrif og auglýsingabirtingar vegna hátíðarhalda í kringum Þjóðhátíðardaginn 17.júní, fyrstu helgina í júlí og verslunarmannahelgina, þar sem hvatt er til samverustunda fjölskyldunnar og eftirlits foreldra með börnum sínum og unglingum. Jafnframt er stefnt á senda áskorun sama efnis til sveitarfélaganna vegna bæjar- og menningarhátíða sem fest hafa í sessi sem stórir og fjölmennir viðburðir í ýmsum bæjarfélögum yfir sumartímann.
 - ♥ Hvatning til foreldra unglunga við lok grunnskóla og við upphaf framhaldsskólagöngu. Stefnt er á áframhald þessa verkefnis þar sem foreldrar unglunga sem eru að ljúka 10.bekk og hefja framhaldsskólagöngu eru minntir á foreldraábyrgð til 18 ára aldurs með heimsendu póstkorti að vori og bæklingnum *Slakaðu á en slepptu ekki* að hausti.
 - ♥ Útivistarátaki verði haldið áfram þar sem minnt er á útivistartímann, sérstaklega á breytingar að hausti og vori, og sveitarfélögum boðið samstarf.
 - ♥ Áramótaátaki verði haldið áfram þar sem foreldrar eru hvattir til samverustunda með börnum sínum og unglingum.
 - ♥ Spilastokkur með heilræðum til barna og foreldra um mikilvægi samveru fjölskyldunnar.
 - ♥ Dagatal fjölskyldunnar, unnið að verkefni sem heitir fjölskyldudagatalið.
-

